

8. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs haldinn í Kötlusetri kl. 11-13 26. nóvember 2013.

Mætt: Rögnvaldur Ólafsson, Ásgeir Magnússon, Helga Þorbergsdóttir, Ingibjörg Eiríksdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason. Auk þess sátu fundinn Guðlaug Ósk Svansdóttir, Rannveig Ólafsdóttir og Sigurður Sigursveinsson, sem ritaði fundargerð.

- Steingerður greindi frá stöðu mála varðandi skýrslugerð til Evrópusambandsins um framgang IPA verkefnisins og fór yfir helstu atriði í framvinduskýrslunni. Beðið er eftir greiðslu nr. 2 skv. samningi Háskólafélagsins við Evrópusambandsins en hún verður væntanlega greidd að fengnu samþykki fyrrnefndra skýrslna.
- Steingerður greindi frá styrkumsóknum jarðvangsins undanfarna vikur; í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, Ísland allt árið og SASS/Vaxtarsamning Suðurlands.
- Eiríkur Vilhelm Sigurðarson kom inn á fundinn og sýndi drög að þremur gönguleiðakortum sem eru í vinnslu. Rannveig og Steingerður greindu frá fyrirhugaðri námskeiðaröð í jarðvanginum eftir áramót en þar mun m.a. verða boðið upp á framhaldsnámskeið í staðarleiðsögn.
- Stjórnarmenn lýstu ánægju með starfsemina undanfarna mánuði en bentu á mikilvægi þess að kynna betur það sem gert hefur verið á vettvangi jarðvangsins og IPA verkefnisins.
- Rætt var um þá staði þar sem IPA verkefnið mun leggja fé til uppbyggingar salernisaðstöðu. Skv. samningnum er um fimm staði að ræða.
 - Búið er að koma upp salerni við Fjaðrárgljúfur í samvinnu við hagsmunaaðila í Skaftárhreppi.
 - Fyrir liggur samkomulag við landeigendur varðandi salernisaðstöðu við Reynisfjöru og munu framkvæmdir fara af stað á allra næstu dögum.
 - Á döfinni er að koma upp kamri á gönguleiðinni yfir Fimmvörðuháls í samvinnu við Útivist.
 - Fundur verður 6. desember varðandi mögulega uppbyggingu salernisaðstöðu í Dyrhólaey og mun þá væntanlega skýrast hvort jarðvangurinn geti komið að uppbyggingu þar.
 - Verði ekki af framkvæmd við Dyrhólaey er hugsanlegt að koma að uppbyggingu aðstöðu í Þakgili.
 - Skipulag við Seljalandsfoss liggur ekki fyrir en hugsanlega mætti fjárfesta í færanlegri aðstöðu.
 - Í undirbúningi er uppbygging aðstöðu í Skaftáreldahrauni fyrir forgöngu Skaftárhrepps og Vegagerðarinnar en ekki er ljóst hvort fjárveiting fái til þess.
- Ákveðið að stefna að síma- eða fjárfundi stjórnar jarðvangsins miðvikudaginn 11. desember kl. 11.
- Ítrekuð var ábending frá síðasta fundi um mikilvægi þess að jarðvangurinn kynnti sig á fundum sveitarstjórna í sveitarfélögunum þremur.
- Stjórn æskir þess að fá fundargögn og dagskrá senda með nokkurra daga fyrirvara
- Rætt var almennt um framtíð jarðvangsins að afloknu IPA verkefninu.
- Stjórnin staðfestir ákvörðun fyrri funda (frá 18.6. og 25.6. 2012) um breytingu á samþykktum jarðvangsins.
- Stjórnin staðfestir að Steingerður Hreinsdóttir og Sigurður Sigursveinsson eru prókúruhafar Kötlu jarðvangs.